



Fjölbreyttaskóli
Suðurlands
Vorönn 2021

ÍSLE3HE05

Heimildaritun
Námsáætlun

Kennari:	Guðbjörg Grímsdóttir - gudbjorg10@fsu.is	GGR
Netfang:	Katrín Tryggvadóttir - katrin@fsu.is	KT
	Þuríður M. Björnsdóttir - thuridur@fsu.is	PMB

Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á að nemendur læri og þjálfist í vinnubrögðum sem tengjast heimildavinnu. Unnin verða fjölbreytt og krefjandi ritunarverkefni og lesnir margs konar textar sem tengjast heimildavinnu. Nemendur verða einnig þjálfaðir í umræðum. Stærsta verkefnið er heimildaritgerð og vörn fyrir hana. Nemendur skulu ávallt mæta með tölvu í kennslustundir.

Undanfari: ÍSLE2OS05 og ÍSLE2BV05

Markmið áfangans:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Helstu hugtökum sem tengjast heimildavinnu, s.s. beinni og óbeinni tilvitnun, tilvísun og heimildaskrá.
- Muninum á staðreyndum og ályktunum.
- Muninum á talmáli og ritmáli.
- Muninum á heimildanotkun og ritstuldi.
- Hvaða málsnið hæfir mismunandi efni og aðstæðum.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skrifa skýran og vel uppbyggðan texta.
- Beita gagnrýninni hugsun við úrvinnslu heimilda.
- Velja stílbrögð sem hæfa efninu.
- Velja og nýta á gagnrýnni hátt þær upplýsingar sem skipta máli í heimildaritun.
- Vega og meta áreiðanleika heimilda.
- Flytja af öryggi og sannfæringarkrafti eigið efni.
- Meta mismunandi sjónarmið og taka sjálfstæða, rökstudda afstöðu.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta.
- Velja viðeigandi ritstíl eftir viðtakendum og aðstæðum.
- Greina forsendur sem geta búið að baki einstökum ályktunum.
- Tjá rökstudda afstöðu, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum.
- Draga saman aðalatriði úr heimildum þannig að rétt sé með farið í hvívetna.
- Beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta.
- Leiða umfjöllun um viðfangsefni til vel rökstuddrar niðurstöðu.
- Ástunda viðurkennd vinnubrögð í rannsóknarvinnu.

Námsefni:

Efni frá kennara.

Sérreglur áfangans:

Hvaða kröfur eru gerðar um árangur í prófum, verkefnaskil (og viðurlög við að skila verkefnum seint), skólasókn, o.s.frv. sem ekki er kveðið sérstaklega á um í skólasóknarreglum?

Fyrirkomulag námsmats:

Áfanginn er án lokaprófs. Allmörg verkefni verða metin til einkunna, auk þess sem ýmis smærri verkefni verða lögð fyrir til að styrkja námið. Varla þarf að taka fram að nemendur eiga að skila öllum verkefnum á tilsettum tíma.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Æfingaverkefni	Æfingaverkefni eru unnin fyrstu vikurnar, nauðsynlegur undirbúningur fyrir ritgerðina sjálfa.	20%
Ritgerð í bótum	Hverjum þætti heimildaritgerðar skilað til kennara.	20%
Kynning á ritgerðarefni	Ritgerðarefni kynnt ásamt rannsóknarspurningu.	5%
Heimildaritgerð	Lokagerð ritgerðarinnar, fullunnið eintak.	40%
Vörn ritgerðar	Kynning á ritgerð.	15%

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil

Vika	Dags.	Námsefni/viðfangsefni	Próf og verkefni
2	6.-8.janúar	Kynning á áfanganum.	Tímaritgerð
3	11.-15.janúar	Æfingaverkefni eru fyrstu þrjár vikurnar. Heimildaleit og mat á heimildum. Upprifjun, bygging efnisgreina. Hugað að efni lokaritgerðar.	Æfingaverkefni Tímaritgerð
4	18.-22.janúar	Heimildaleit og tilvísanir. Skráning heimilda í heimildaskrá.	Æfingaverkefni.
5	25.-29.janúar	Rannsóknarspurningar og tesur. Ritgerðir í Skemmu skoðaðar og unnið verkefni.	Æfingaverkefni.
6	1.-5. febrúar	Ritgerðarefni valið og rannsóknarspurning samín.	Drögum að inngangi skilað.
7	8.-12.febrúar	Heimildaleit fyrir lokaritgerð. Finna 8 - 10 áreiðanlegar heimildir.	Lista skilað yfir 8 - 10 áreiðanlegar heimildir, þær eiga að vera skráðar rétt í heimildaskrá.
8	15.-19.febrúar Kátir dagar 17. og 18. feb	Ritgerðarvinna, skipulag, lykilsetningar og kaflar.	Kynning á ritgerðarefni .Beinagrind að ritgerð skilað.
9	22.-27.febrúar Miðannamat	Meginmál samið.	Tesu skilað (fyrsta hluta meginmáls).
10	1.-5.mars Áfangamessa	Meginmál samið.	Antitesu skilað (öðrum hluta meginmáls).
11	8.-12.mars Valdagur 10.mars	Lögð lokahönd á meginmál.	Meginmál klárað og skilað fullunnu.
12	15.-19.mars Flóafár 19. mars	Lokaorð samín ásamt niðurstöðum. Skilað fullunnu í lok vikunnar.	Lokaorðum og niðurstöðum skilað.
13	22.-26.mars	Ritstjórnarvinna. Undirbúningur fyrir vörn hefst.	Ritgerð skilað fyrir páskafrí
14	29.mars-2.apríl Páskafrí	Páskafrí	
15	5.-9.apríl Páskafrí 5.og 6. apr	Varnir / viðtöl.	
16	12.-16.apríl	Varnir / viðtöl.	
17	19.-23.apríl Sumardagurinn fyrsti 22.apríl	Varnir / viðtöl.	
18	26.-30.apríl	Varnir / viðtöl.	
19	2.-7.maí Síðasta kennsluvika	Nemendaviðtöl.	

Kennsluáætlun gerð með fyrirvara um breytingar.